

Nd. **34. Frumvarp til laga** [32. mál]

um breyting á lögum nr. 13 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Flm.: Lúðvík Jósepsson, Eðvarð Sigurðsson, Garðar Sigurðsson, Gils Guðmundsson,
Hjörleifur Guttormsson, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson,
Svava Jakobsdóttir, Svavar Gestsson.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II við VIII. kafla laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., skal 1. desember 1979 greiða óskertar verðbætur á laun sem voru 210 000 kr. og lægri 1. mars 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. skerðast verðbætur á lægri laun um 2% frá 1. desember 1979 vegna skerðingar viðskiptakjara. Í upphaflegri gerð frumvarpsins að nefndum lögum var gert ráð fyrir því að skerðing lægri launa vegna viðskiptakjaraskerðingar kæmi til framkvæmda 1. júní s. l. Þetta hindraði Alþýðubandalagið og áskildi sér um leið allan rétt til þess að berjast gegn því innan þings sem utan að skerðing þessi kæmi fram hinn 1. desember. Frumvarp þetta er flutt til þess að komið verði í veg fyrir það hróplega ranglæti er birtast mundi ella 1. desember með 2% lægri verðbótum á lægri laun en hin hærri.